

Skólaráð

3. fundur, 2. desember 2020

*Mættir: Sigrún Bjarnadóttir, Bergún Grímsdóttir, Margrét Ludvig, Svanhildur Ástþórsdóttir, Elísabet Stefánsdóttir, Júlíus Þór Sigurjónsson, Ingibert Snær Erlingsson, Hrafnhildur Einarsdóttir, Ágústa M. Jónsdóttir fjarverandi.
Einar Birgir Steinþórsson ritari*

1. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk og úrbætur
 - a. Sigrún B fer yfir niðurstöður samræmdra prófa. Búið að fara yfir og rýna með kennurum. Íslenskan á yngsta stigi kemur betur út og er yfir landsmeðaltali en stærðfræðin aðeins undir. Á miðstigi er íslenskan yfir landsmeðaltali en bæði á miðstigi og yngsta stigi koma stúlkur mun betur út. Mikil bæting í íslenskunni frá því á yngsta stigi í árganginum í heild. Stærðfræðin á miðstigi nánast á pari við landsmeðaltal. Stúlkur koma hér einnig betur út en strákar. Bæting frá yngsta stigi hjá stúlkum en strákarnir nánast á pari eða aðeins slakari.
 - b. Varðandi slaka niðurstöðu í rúmfræðinni nefnir Júlíus að möguleg ástæða sé hvenær rúmfræðin sé á dagskrá í kennslunni innan skólaársins.
2. Niðurstöður frá Rannsókn og greiningu, Ungt fólk, „Líðan,,
 - a. Sigrún B nefnir að það sé æskilegt að fá fulltrúa úr foreldrasamfélaginu í vinnuhóp til að rýna með skólastjórnendum.
 - b. Fer yfir lykiltölur skólans miðað við Kópavog . Líður betur í skólanum, (8,6% líður illa). Fleiri í Álfhólsskóla úti eftir miðnætti en í öðrum skólum í Kópavogi (22,7%). Minni notkun rafretta daglega (3,4%). Meiri ölvun s.l. 30 daga (8,8%). Minni notkun kannabis (5,3% notað). Fleiri sem meta heilsu síðan ekki nægjanlega góðar (24,3% nægjanlega góð). Sofa heldur minna (48,6% fá nægjanlegan svefn). Meta andlega heilsu sína ekki nægjanlega góða (19,7% meta hana góða). Fleiri sem segja að það sé auðvelt að fá nægjanlega umhyggju og hlýju frá foreldrum (54,4%).
 - c. Fulltrúar foreldra hafa áhyggjur yfir þessari niðurstöðu og sammála því að þetta þurfi að rýna og vinna með foreldrasamfélaginu. Rætt um hvort sálfræðingur skólans geti komið inn með fræðslu og ráðgjöf til nemenda.
 - d. Rætt í um ósamræmi í sóttvarnareglum eftir að íþróttæfingar voru heimilaðar utan skólans, þar geta nemendur blandast milli hópa og skóla.
 - e. Fram kom frá EBS að skólasókn nemenda almennt í skólanum er betri á þessum tíma í ár miðað við síðustu ár.
3. Skóladagatal fyrsta umræða
 - a) Sigrún fer yfir þær dagsetningar sem eru komnar s.s. Skólabyrjun, skólalok og vetrarfrí.
4. Önnur mál Engin önnur mál.
Fundi skitið 9:30